

Fræðslufundur 10. apríl kl. 17:00 í Hátúni 10 9.hæð

HVERNIG VERÐUR LYFJAKOSTNAÐUR OKKAR SAMKVÆMT NÝJU REGLUGERÐINNI?

Fræðslufundur um nýja reglugerð sem
taka mun gildi 4. maí n.k.

Margrét Kristjánsdóttir fræðslufulltrúi Sjúkratrygginga
Íslands kemur og útskýrir þessar nýju reglur og hvað áhrif
þær munu hafa fyrir nýrnasjúka sérstaklega.

Það virðist ljóst að þessar nýju reglur munu hafa
neikvæðar breytingar í för með sér fyrir nýrnasjúka.

Mætum öll á fundinn **10. apríl kl. 17:00 í Hátúni 10,
9. hæð** og kynnum okkur þessar breytingar.

Stjórnin

Góð ráð:

**Þekktu lyfin þín, taktu þau ALLTAF á réttum tíma
og í réttu magni.**

Hreyfðu þig daglega eftir mætti og getu.

Skrifstofa félagsins er opin sem hér segir:

þriðjudaga frá 17-19 OPIÐ HÚS
miðvikudaga frá 10:00 - 16:00
fimmtudaga frá 10:00 - 16:00
Sími: 561-9244 nyra@nyra.is



nyrad

FRÉTTABRÉF

1. tbl. 26. árg. apríl 2013

Efni:

Aðalfundurinn

Nýr formaður félagsins Guðrún Þorláksdóttir

Fræðslufundur 10. Apríl um nýjar reglur um lyfjakostnað



Guðrún Þorláksdóttir formaður Félags nýrnasjúkra

Óskum félagsmönnum gleðilegs sumars.

Félag nýrnasjúkra

Hátúni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244

netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: nyra.is

<http://www.facebook.com/Felagnyrnasjukra>

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur Félags nýrnasjúkra var haldinn 13. mars s.l. (hafði þó verið frestað um viku vegna óveðurs). Starf félagsins var fjölbreytt á síðasta ári og má lesa skýrslu stjórnar á síðunni nyra.is (Um félagið – Ársskýrslur).

Lítilsháttar tap varð á rekstri félagsins í fyrra. Jórunn Sörensen gaf ekki kost á sér til frekari formennsku og var Guðrún Þorláksdóttir kjörin í hennar stað en formaður er kjörinn sérstaklega. Félagsmenn buðu Guðrúnu velkomna til starfa og óskuðu henni velfarnaðar. Hannes og Margrét áttu að ganga úr stjórn og gáfu kost á sér áfram. Björn Magnússon var kjörinn nýr í varastjórn. Stjórnin er þá þannig skipuð:

Guðrún Þorláksdóttir formaður

Hallgrímur Viktorsson

Hannes Þórisson

Margrét Haraldsdóttir

Vilhjálmur Þór Þórisson

Björn Magnússon

Ursula Irena Karlsdóttir

Stjórnin mun síðan skipta með sér verkum.

Jórunni voru þökkuð ómetanleg og óeigingjörn störf fyrir félagið. Jórunn hefur verið félaginu óviðjafnanlegur formaður sem mörg félög hafa öfundað okkur af. Ótrúlega dugleg, ósérhlífin og fylgin sér. Það tæki langan tíma að telja upp allt það sem hún hefur afrekað í nafni félagsins eða unnið fyrir þess hönd.

Að loknum formlegum aðalfundi og kaffiveitingum héldu lækarnir Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga og Viðar Eðvarðsson, sérfræðingur í nýrnasjúkdómum barna, fróðleg erindi um þjónustu Landsspítalans fyrir nýrnasjúka, fullorðna og börn. Við vorum mun fróðari eftir þetta kvöld.

Félagsgjöld verða óbreytt;

3000.- pr. Einstakling

5000.- pr. Hjón eða fjölskyldu (með sama lögheimili)

Félagsmenn eru hvattir til að skrá alla meðlimi fjölskyldunnar í félagið.

Með því næst inn aukið fjármagn þar sem styrkir til félagsins miðast við hausatölu. Senda má nöfn og kennitölur nýrra meðlima/fjölskyldu á

nyra@nyra.is

Nokkur orð frá nýjum formanni

Ég er hjúkrunarfræðingur og framhaldsskólakennari og hef starfað sem hjúkrunarfræðingur síðan 2002 en er núna kennari á sjúkraliðabraut í Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Maðurinn minn, Hólmar Þór Stefánsson, greindist með nýrnabilun fyrir 6 árum. Ég er því beggja megin línunnar. Annars vegar sem fagmaður og hinsvegar sem nánasti aðstandandi. Ég hef fylgt honum í gegnum blóðskilun, kviðskilun, bland af hvoru tveggja og núna sem nýraþega. Ég hef því nokkuð góða reynslu frá öllum hliðum séð og tel ég það mikilvægt í félagi sem þessu, ekki síst þegar kemur að ráðgjöf við nýrnasjúka og aðstandendur þeirra.

Ég vil þakka þann stuðning og þá hvatningu sem ég hef fengið til að bjóða mig fram og mun gera mitt besta til að sinna formennskunni af þeirri kostgæfni sem Jórunn hefur gert. Samtímis vil ég þakka henni fyrir gott og ómetanlegt starf í þágu félagsins.

Það er von mín að Félag Nýrnasjúkra muni vaxa og dafna í framtíðinni og mun ég leggja mitt af mörkum til þess.

Bestu kveðjur, Guðrún Þorláksdóttir

Jóhanna B. Halldórsdóttir, sjúkraliði á Blóðskilunardeild LSH
kvödd með þökkum fyrir góða umönnun nýrnasjúklinga í 32 ár.



Frá vinstri, Hólmar Þór, Guðrún, Jóhanna, Hannes og Karen